

5. Stjórnarfundur FENÚR,

haldinn 23. mars 1999, kl. 10:00 á skrifstofu SORPU, Gufunesi.

Mættir: Magnús Stephensen, Gunnar Bragason, Ásmundur Reykdal og Jóhannes Pálsson, Pétur Bjarnason boðaði forföll.

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og samþykkt.

Starfshópar.

Rætt um starfshópa og hvernig þeim verði stýrt. Lagt til að talsmaður hvers hóps kalli hann til starfa. Stjórn FENÚR setji ramma um helstu viðfangsefni hópanna í upphafi í samræmi við verksvið hópanna.

Aðalfundur FENÚR

Fjallað um dagskrá aðalfundar FENÚR og fyrsta fund Ráðgjafastjórnar sem haldinn verður 12. apríl nk., framhaldsumræður frá síðasta fundi. Gengið var frá dagskránni í aðalatriðum samkvæmt tillögum formanns.

Dagskrá Aðalfundar og ráðgjafastjórnar.

1. Dagskrá aðalfundar: setning (M.St.)

- a) Kosning fundarstjóra: (M.St) tillaga Ö.E.
- b) Lesin fundargerð stofnfundar. Á.R.
- c) Skýrsla stjórnar: M.St.
 - Skipulagsmál.
 - Féлагаöflun.
 - Tekjur af árgjöldum.
 - Kostnaður/væntanlegur.
 - Starfsáætlanir.
 - Framkvæmdastjórn.
 - Ráðgjafarstjórn.
 - Starfshópar
 - Upplýsingastreymi
 - Heimasíða
 - Tölvupóstur
- d) Framkomnar tillögur: Lagabreyting Ö.E.
- e) Kjör embættismanna:
 - Í kjöri skv. tillögu stjórnar.
 - 1 maður til þriggja ára : Gunnar Bragason

2 endurskoðendur + varamenn; sömu aðalmenn og nýjir varamenn skv tillögu.

- f) Skipun í ráðgjafarstjórn.
- g) Önnur mál.

2. Aðalfundur Fenúr:	13:15	Skráning og gögn.
(Stundatafla.)	13:30	Fundarsetning
	15:00	Dagskrá skv. lögum og fundarboði.
	15:20	Slit aðalfundar. Kaffihlé.
3. Fyrsti fundur ráðgjafarstjórnar:		Fyrsti fundur ráðgjafarstjórnar.
	15:20	Jóhannes Pálsson, setur fundinn í umboði formanns. Verkaskipting stjórnar ?? Hvernig skipuð?
	15:30	Staða málaflokksins í dag: <ul style="list-style-type: none">• Inngangur J.P.• Lagaumhverfi Sigurbjörg• Spilliefni Stefán• Urðun Lúðvík• Brennsla Lúðvík• Minnkun úrgangs, endurnýting Lúðvík• Innsöfnun og flutningur. Einar B. Bjarnason.• Meðferð og markaðssetning lífræns úrgangs. SORPA og Gámaþj. MSt. og I.A.• Fiskiðnaðurinn, úrgangur og endurnýting. Gunnar Larsen, Ú.A.• Fyrirspurnir• Starfshópar, skipun talsmanna.
	17:30	Fundarslit og hressing.

Öll gögn verði afhent og send viku fyrir fund.

Lagabreyting og kjör varamanna.

Endanlegar tillögur um lagabreytingar fyrir aðalfund samþykta.
Samþykkt að leggja til að varamenn skoðunarmanna (endurskoðenda) verði, Guðmundur Guðlaugsson, Sorpeyðingu Eyjafjarðar og Helgi Már Pálsson, Höfn-Hornafirði.

Upplýsingamiðlun.

Rætt var um fyrirkomulag upplýsingamiðlunar innan FENÚR, frá stjórn og starfshópum til félaga. Eðli félagsins vegna er talið æskilegt að stefna sem mest að pappírslausum samskiptum og nota rafeindamiðla s.s. e-mail, og internetið til þess. J.P. tekur að sér að skoða gerð heimasíðu fyrir félagið með þetta í huga.

Til að auðvelda slík samskipti, verður útbúið skráningareyðublað fyrir fund ráðgjafastjórnar, þar sem fundarmenn skrái nöfn, síma og netfang.

Önnur mál.

Rætt um praktiska hluti vegna fundanna. Fyrirlesarar sendi fyrirlestra til fjölföldunar svo hægt verði að dreifa þeim á fundinum. M.St. gengur eftir því ásamt að vera í sambandi við fjölmiðla og auglýsingafólk um fréttatilkynningu og umfjöllun um fundina.

Fundi lauk kl. 10:50. Fundarritari Ásmundur Reykdal.

Næsti fundur 7. Apríl.